



Reykjavík 25. ágúst 2026

Áætlun um aukið samstarf ÍR og Leiknis og bætt framboð íþróttastarfs fyrir íbúa Breiðholts

Stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur óskar eftir samvinnu við Íþróttta- og útilífsráð Reykjavíkur um áætlun til að auka samstarf Íþróttafélags Reykjavíkur og Íþróttafélagsins Leiknis og samhliða vinna að bættu framboði íþróttastarfs fyrir íbúa Breiðholtshverfis.

Að undanfögnu hefur formaður ÍBR átt samtal við forystufólk beggja félaga og er vilji til hjá báðum aðilum að fara af stað í vinnuferli til að kanna ítarlega grundvöll til aukins samstarfs og mögulega sameiningar íþróttastarfs félaganna. Lagt er til eftirfarandi:

1. Að hefja nú þegar vinnu með félögunum þar sem fulltrúar þeirra ræða möguleika til aukins samstarfs og mögulegrar sameiningar íþróttastarfs. Áætlað er að ljúka þeirri vinnu 15. október n.k.. Áætlaður kostnaður er kr. 1.500.000.-.
2. Ráðinn verði starfsmaður til að koma á íþróttastarfi í nafni beggja félaga í Efra Breiðholti frá 1. nóvember n.k. Áætlaður kostnaður per ár er kr. 12.000.000,-.
3. Samhliða vinni ÍÚ og ÍBR að sameiginlegri áætlun um mannvirkjamál í Breiðholti sem taki mið af þörfum félaganna og framtíðarhugmyndum þeirra um sameiginlegt starf. Þessari vinnu verði lokið 15. nóvember og verði þá strax lögð fram fyrir Íþróttta- og útilífsráð og stjórn ÍBR til samþykktar.

Með kveðju,
f.h. stjórnar ÍBR

Ingvar Sverrisson
Formaður